

REGLUR
um breyting á reglum nr. 707/1995,
um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

1. gr.

Við 12. tölul. I. viðauka reglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef ekki er að finna viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt lið 3.2. í II. viðauka til að vara við hættulegum efnunum eða efnablöndum verður að nota viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á II. viðauka reglnanna:

- Við bætist neðanmálgrein við viðvörunarskiltið sem merkir hættu, svohljóðandi:
Þetta viðvörunarskilti skal ekki nota til að vara við hættulegum efnunum eða efnablöndum, nema í tilvikum þegar viðvörunarskiltið er notað samkvæmt 2. mgr. 5. tölul. III. viðauka til að gefa til kynna geymslu á hættulegum efnunum eða efnablöndum.
- Viðvörunarskiltið sem merkir skaðlegt eða ertandi efni fellur brott.

3. gr.

1. tölul. III. viðauka reglnanna orðast svo:

Ílát sem eru notuð á vinnustöðum undir efni eða efnablöndur sem teljast hættuleg í samræmi við viðmiðanir í flokkun um skaðlega eiginleika fyrir líkama eða heilsu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, og ílát sem eru notuð fyrir slík hættuleg efni eða efnablöndur ásamt sýnilegum rörum sem innihalda eða flytja slík hættuleg efni eða efnablöndur skal merkja með viðeigandi viðvörunarskiltum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

1. mgr. á hvorki við um ílát sem eru notuð í skamman tíma né ílát sem oft er skipt um innihaldsefni í, enda séu gerðar aðrar viðeigandi ráðstafanir sem veita jafnmikið öryggi, t.d. með fræðslu og/eða þjálfun.

Í stað merkinga skv. 1. mgr. er heimilt:

- að nota viðvörunarskilti samkvæmt II. viðauka með sömu táknumyndum eða tákni. Ef ekki er að finna viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt lið 3.2. í II. viðauka, til að vara við hættulegum efnunum eða efnablöndum, verður að nota viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sbr. a-lið 1. gr. reglugerðar nr. 415/2014, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna;
- að bæta við viðbótarupplýsingum, um t.d. heiti hættulega efnisins og/eða samsetningu þess eða efnablöndunnar, ásamt nánari upplýsingum um hættuna;
- við flutning ílata á vinnustað, að bæta við merkinguna eða nota í staðinn tákni sem notuð eru á öllu Evrópska efnahagssvæðinu við flutning hættulegra efna eða efnablandna.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og eru þær settar samkvæmt heimild í 38. gr. og 3. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og þess ráðherra sem fer með málefni efna og efnvara, í samræmi við hlutverk Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 7. gr. efnalaga nr. 61/2013, til innleiðingar á tilskipun 2014/27/ESB um breytingu á tilskipun ráðsins 92/58/EBE, 92/85/EBE, 94/33/EB og 98/24/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem vísað er til í XVIII.

Nr. 455

26. maí 2016

viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2014.

Velferðarráðuneytinu, 26. maí 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2016